

**69. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps  
haldinn á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps, Strandgötu 38, Tálknafirði  
fimmtudaginn 11. janúar 2024 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Þórkatla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ), Lilja Magnúsdóttir (LM), Jón Árnason (JÁ),  
Guðlaugur Jónsson (GJ), Anna Vilborg Rúnarsdóttir (AVR), Ólafur Þór  
Ólafsson (ÓÞÓ), Þórdís Sif Sigurðardóttir (ÞSS) og Gerður Björk Sveinsdóttir  
(GBS).

**Fundargerð ritaði:** Gerður Björk Sveinsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og  
stjórnsýslusviðs Vesturbyggðar

**Dagskrá:**

**1. Minjasafn Egils Ólafssonar, fjárhagsáætlun 2024 - 2310036**

Inga Hlín Valdimarsdóttir safnvörður Minjasafns kom inná fundinn í fjarbúnaði og fór  
yfir drög að rekstrarniðurstöðum 2023 og fjárhagsáætlun 2024.

*Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps samþykkir fjárhagsáætlun  
Minjasafns Egils Ólafssonar fyrir rekstrarárið 2024 samhljóða.*

**2. Úttekt safnaráðs á Minjasafni Egils Ólafssonar 2023 - 2401035**

Lögð fyrir heimsóknarskýrsla eftirlitsfulltrúa á vegum safnaráðs vegna 2.hl. eftirlits með  
viðurkenndum söfnum. Ingibjörg Áskelsdóttir forvörður heimsótti safnið á vegum  
safnaráðs í september sl.

Í skýrslunni kemur fram að safnið þarfnist viðamikilla úrbóta og alvarlegar athugasemdir  
eru gerðar við það húsnæði sem að hýsir aðal geymslur safnsins.

*Safnverðir fóru yfir skýrsluna og það sem gert hefur verið eftir að skýrslan var send en  
búið er að fara yfir skýrsluna og unnið að því að gera úrbótaáætlun fyrir safnið. Safnaráð  
hefur óskað eftir áætlun á úrbótum innan 6 mánaða.*

*Samráðsnefnd óskar eftir því við stjórnendur safnsins að farið verði yfir úrbótaáætlunina  
áður en henni verður skilað með Samráðsnefndinni fyrir miðjan mars nk.*

*Samþykkt samhljóða.*

**3. Erindi landeiganda að Hnjóti, Örlygshöfn - 2401039**

Erindi frá Fjölni Vilhjálmsyni, lögmanni, dags. 29.12.2023 fyrir hönd landeiganda að  
Hnjóti, Örlyggshöfn.

*Óskar Leifur Arnarsson og Inga Hlín Valdimarsdóttir sátu fundinn undir liðnum.*

*Samráðsnefndar frestar afgreiðslu erindisins til næsta fundar safnsins á meðan frekari  
gagna er aflað.*

**4. Beiðni um námsleyfi - 2401040**

Erindi frá forstöðumanni Minjasafns Egils Ólafssonar, Ingu Hlín Valdimarsdóttur þar sem óskað er eftir námsleyfi.

*Samráðsnefnd Vesturbyggðar samþykkir að forstöðumaður safnsins fari í launalaust námsleyfi í samræmi við beiðnina. Forstöðumanni er falið að ráða staðgengil forstöðumanns þar til hún snýr aftur til starfa.*

**5. Menntun á framhaldsskólastigi á sunnanverðum Vestfjörðum - 2401041**

*Umræða um framhaldsnám á sunnanverðum Vestfjörðum.*

**6. Verkefni samráðsnefndar í sameinuðu sveitarfélagi - 2401042**

*Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps lítur svo á að bæjarstjórn nýs sveitarfélags muni taka yfir málefni samráðsnefndarinnar.*

**7. Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar 2024 - 2027. - 2401043**

*Rætt um fyrir hugað útboð á Vetrarþjónustu á sunnanverðum Vestfjörðum. Bókun Tálknafjarðhrepps af 627. fundi hreppsins kynnt.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.18:00.**

Þórkatla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Jón Árnason (JÁ)

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Anna Vilborg Rúnarsdóttir (AVR)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)

Þórdís Sif Sigurðardóttir (ÞSS)

Gerður Björk Sveinsdóttir (GBS)